



KARL MARX 160 ára í dag

NORÐURLAND ræðir við hinn
þekhta heimspeking í tilefni
dagsins - Jenny veitti kaffi

Heimspekinginn Karl Marx þarf vafalaust ekki að kynna fyrir lesendum blaðsins. Áhrif kenninga hans og starfs fara ekki framhjá neinum manni, svo mjög hafa þær sett mark sitt á alla pólitíska hugsun Evrópubúa síðan hans frægasta rit - Kommúnistaávarpið - kom út árið 1849 en það samdi hann í félagi við Friedrich Engels.

Tilefni þess að þetta er rifjað upp hér er það að í dag - þann 5. maí - á þessi heiðursmaður 160 ára afmæli. Þrátt fyrir háan aldur ber gamli maðurinn sig vel og þegar blaðamenn NORÐURLANDS fóru fram á að eiga við hann örfá orð varð hann vel við bón okkar, þegar Jenny, kona hans, hafði borið fram kaffi var Karl spurður að því hvernig honum fyndust kenningar sínar hafa staðist tímans tönn.

Ég verð nú að segja að þær hafa staðist í öllum höfuðatriðum. Vitaskuld sá maður ekki fyrir ýmsa hluti í þróuninni, td. hefur auðstéttin á margan hátt sýnt af sér furðumikinn hæfileika til að skjóta eigin dauðdaga á frest. En kjarninn í okkar fræðilegu greiningu á auðvaldsþjóðfélaginu er í fullu gildi enn í dag og verður það meðan þessi þjóðfélagsgerð er til.


-Nú hafa ýmsar þjóðir gjör-

bylt stjórnarhúttum sínum og efnahagslífi í nafni kenninga þinna, hvað finnst þér um þær framkvæmdir?

-Þær eru nú álíka misjafnar og þær eru margar einis og eðlilegt er. En ef ég á að nefna það sem mér finnst mest á vanta við framkvæmd sósíalismans er það að ég sé þess hvergi merki að ríkisvaldið fari dvinandi eins og ég gerði ráð fyrir. Þvert á móti hefur það þanið sig út og gín nú yfir öllum sviðum þjóðlífsins. Í skjóli þess hefur alls staðar sprottið upp ný forréttinda-stétt skrifinna sem ekki gerir sig líklega til að veita verkalyðsstéttinni þau raunverulegu og beinu þjóðfélagsvöld sem ég hélt í sakleysi mínu að væri nú tilgangurinn með öllu saman.

- Á æviferli þínum hefur þú upplifað ýmsar sveiflur í jafnrétti kynjanna og nú á undanförunum árum hefur frelsisbarátta kvenna náð nýjum hátindi. Hafa viðhorf þín til þessara mála eitthvað breyst frá því þú komst því yfir á vin þinn Engels að fedra barnvinnukonu þinnar hér um árið?

- Já, það er rétt, á þeim tíma var maður ansi viðkvæmur fyrir sinni eigin persónu og lét þá oft stjórnast af borgaralegum fordómum samtímans.



Karl Marx upp á sitt besta.

Það voru mistök hjá mér að afsaka mig með því að Engels gæti séð um þessa hlið málsins.

Auðvitað er ég þeirrar skoðunar núna að án kvennabarátta sé engin stéttabarátt og öfugt. En karlmenn verða einnig að taka sig saman í andlitinu og spyrja sig hvort þeirra hlutverk sé í raun svo eftirsóknarvert. Þeir verða að hefja miskunnarlaust uppgjör við þá borgaralegu karlgerð sem er allsráðandi, ekki aðeins í röðum borgaranna heldur ekki síður meðal forystumanna verkalyðsstéttarinnar og pólitískra afla hennar. Á þessu sviði eins og öðrum verða menn ætíð að hafa það hugfast að „frjáls þróun einstaklingsins er skilyrði fyrir frjálsri þróun þjóðfélagsins.“

- Nú eru hér á landi starfandi ýmis samtök sem segjast starfa á grundvelli kenninga þinna. Finnst þér þau gera það í raun?

- Hér er um mörg samtök að ræða og ennþá fleiri eru þau í öðrum löndum þar sem fjölmenni er meira. Öll þessi samtök skreyta sig með mínu nafni í einhverjum rétti en mjög mismiklum.

Hér höfum við til dæmis

Alþýðubandalagið sem er fjölmennur flokkur og hefur í sínum röðum allt frá einlægum byltingarsinnuðum marxistum yfir í menn sem varla kunna skil á einföldustu kenni setningum okkar Engels - og guma jafnvel af því sumir hverjir. Skipulag flokksins býður heldur ekki upp á að hér sé um mjög samstæðan flokk að ræða í fræðilegum efnum þar sem innra starf hans einkennist ekki af markvissri greiningu íslenska auðvaldsþjóðfélagsins og einingu kenninga og starfs. Í stefnumótun flokksins eru skammtímaværk efni - taktík - yfirgnæfandi en langtímamarkmið - strategía - vilja hverfa í skuggann. Í raun held ég að enginn heildarskilningur sé ríkjandi meðal flokksfélaga á því hvernig eigi að koma á sósíalisma í þessu landi. Góð stefnuskrá dugir skammt og ekki held ég að ofuráhersla á þingsalapolítík skili okkur langt á braut sósíalismans.

Á hinn bóginn höfum við svonefnd Einingarsamtök kommúnista m-l. Þau kenna sig, auk mín, við Lenín og hampa auk þess mjög arftaka hans Stalín. Ég er nú á því að Framhald á bls. 2.

Akureyri

Allir listar komnir fram

Þá er útrunninn frestur til að skila framboðslistum til bæjarstjórnarkosninga sem fram eiga að fara 28. þessa mánaðar. Hér á Akureyri bárust fimm framboðslistar eins og við síðustu kosningar.

Hér í blaðinu hefur áður verið getið um framboð Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks - auk Alþýðubandalagsins að sjálfsögðu. Nú hafa Samtökin rakað að sér nógu fé til að gefa út blað og birta framboðslista sinn. Þar trónir Ingólfur Árnason rafveitustjóri efstur en næstir honum koma Úlfhildur Rögnvaldsdóttir starfsmaður verkalyðsfélaganna og kollega hennar Þorsteinn Jónatansson. Í næstu sætunum eru Dröfn Friðfinnsdóttir húsmóðir, Ari Rögnvaldsson vélstjóri og Björn Hermannsson verkstjóri.

Alþýðuflokkurinn hefur einnig lagt fram sinn lista og eru efstu sæti hans þannig skipuð: Freyr Ófeiggsson bæjarfulltrúi, 2. Þorvaldur Jónsson fulltrúi, 3. Sævar Frímansson starfsmaður Einingar, 4. Pétur Torfason verkfræðingur, 5. Hulda Eggertsdóttir og 6. Snælaugur Stefánsson vélvirki.

Á það hefur verið bent hér í blaðinu áður að ekki er útlit fyrir að kvenfólki fjölgi í bæjarstjórn Akureyrar, eini möguleikinn er raunar sá að Samtökin bæti við sig verulegu fylgi en sá séns verður að teljast afar hæginn, svo mjög er sú hjörð dreifð um þessar mundir.

En það er ekki síður athyglisvert hve stéttarleg samsetning væntanlegra bæjarfulltrúa er einhæf. Ef úrslit kosninganna í vor yrðu þau sömu og í síðustu kosningum myndi bæjarstjórn vera skipuð 6 framkvæmdastjórum, 4 kennurum og einum fulltrúa bæjarfógeta.

Blaða-verð hækkar

Í samræmi við hækkunir á auglýsingaverði og lausasöluverði Reykjavíkurblaðanna hefur verið á Akureyrarblöðunum einnig verið hækkad. NORÐURLAND kostar nú kr. 100 eintakið í lausasölu og grunnverð auglýsinga er kr. 1.000 dálksentimetrinn.

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ

Starfið framundan:

Frá kosningaskrifstofunni

Kosningaskrifstofan er opin þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 13-19, og laugardaga frá kl. 13-17.

Félagar, stuðningsfólk!

Hafið samband við skrifstofuna og leggið fram ykkar skerf í kosningabaráttunni. Athugið, að sala miða í kosningahappdrætti Alþýðubandalagsins er hafin. Sjá auglýsingu annars staðar í blaðinu.

Síminn á kosningaskrifstofunni er: 2-17-04.

Kosningastjórnin.

Frá kosningahappdrætti Alþýðubandalagsins

Sala miða í kosningahappdrætti Alþýðubandalagsins er hafin á kosningaskrifstofunni í Eiðsvallagötu 18. Verð hvers miða er kr. 1.000 og dregið verður þann 30. júní.

VINNINGAR:

1) Ferð til Kína	400.000
2) Orlofsferð f. tvo til Búlgaríu	300.000
3) 14 daga ferð um Írland	130.000
4) 14 daga ferð um Írland	130.000
5) Sólarlandferð f. tvo	300.000
6) Orlofsferð f. tvo til Jógóslavíu	300.000
7) Skáldverk Halldórs Laxness	160.000
8) Ritverk Þórbergs Þórðarsonar	60.000
9) Skútuöldin eftir Gíls Guðmundsson	40.000
10) Ritverk að eigin vali	40.000

Félagar og stuðningsfólk!

Kaupið miða og eflað þar með kosningasjóðinn.

Kosningaskrifstofa AB, Eiðsvallagötu 18, sími: 2-17-04.

ALÞÝÐUBANDALAGIÐ

Starfið framundan:

OPIÐ HÚS

í Eiðsvallagötu 18, sunnudag milli kl. 15 og 18.

Rætt verður um kosningaundirbúninginn.

Kaffiasla.

Félagar og stuðningsmenn Alþýðubandalagsins fjölmennið!

Látið skrá ykkur til vinnu á kjördag sem allra fyrst.

Fólk vantar til að sjá um dreifingu Norðurlands o.fl.

Stjórnarfundur ABA

í Eiðsvallagötu 18, mánudag kl. 20.

Bæjarmálaráðsfundur

í Eiðsvallagötu 18, mánudag kl. 21.

Umræðefni: skólamál, heilbrigðismál, orkumál o.fl.

Athugið að allir félagar ABA eiga rétt á þátttöku í störfum bæjarmálaráðs.

Krabbameinsfélag Akureyrar

3-4.000 konur skoðaðar

79 konur undir reglulegu eftirliti vegna krabbameinshættu

Undanfarin ár hefur Krabbameinsfélag Akureyrar starfrækt leitarstöð fyrir konur hér á Akureyri þar sem þær geta komið og látið ganga úr skugga um hvort þær beri einhver einkenni leghálskrabba. Á síðasta ári voru um 1.000 konur skoðaðar en þar af voru 79 konur í reglulegu eftirliti vegna krabbameins eða gruns um krabbamein.

Þessar 79 konur skiptast þannig, að 42 eru með grunsamlegar frumubreytingar sem oft reynast vera undanfari forstígs krabba. 27 eru með forstígs einkenni og hafa fengið viðunandi meðferð. Loks eru undir eftirliti 10 konur sem haft hafa krabbamein.

Engin leið að finna einkenni sjálfar

Frá því leitarstöðin hóf starfsemi sína hafa komið þangað á fjórða þúsund kvenna af svæði félagsins sem er allur Eyjafjörður og hafa verið gerðar á áttunda þúsund skoðana. Um árangur þessa starfs sem fer fram um allt land á vegum krabbameinsfélaganna vitnar sú staðreynd að dauðsföllum af völdum leghálskrabba hefur fækkað mjög verulega á undanförunum árum. Árið 1969 var hæsta dánartala af völdum þessa sjúkdóms sem orðið hefur hér á landi en þá dó 21 kona af völdum leghálskrabba. Árið 1976 dóu 8 konur og vitað er um 2 sem dóu af völdum þessa

sjúkdóms í fyrra en endanlegar tölur fyrir það ár liggja ekki fyrir.

Þess ber að gæta að engin þeirra kvenna sem létust úr leghálskrabba árið 1976 mætti til hópskoðunar í leitarstöðvum krabbameinsfélaganna.

Þessi staðreynd sýnir ljóslega hve nauðsynlegt það er fyrir konur að notfæra sér þessa leitarþjónustu. Á tveimur fyrri stigum sjúkdómsins, þ.e. eftir að frumubreytingar hefjast eða forstígs einkenni eru komin í ljós, er oft hægt að lækna hann og koma í veg fyrir að krabbamein myndist. Engin leið er fyrir konur að finna þessi einkenni sjálfar því smásjárthugana er þörf til að greina þau. Það er ekki fyrir en krabbamein er orðið staðreynd, sem einkennin verða augljós. Þá er hins vegar mikil hætt á því að of seint sé að bregðast við. Að vísu eru möguleikar á því að lækna krabbamein en þeir eru mun minni en ef aðeins er um tvö fyrri stigin að ræða.

Það er því brýn þörf fyrir konur að koma af sjálfstáðum í skoðun. Leitarstöðin tekur við konum eftir 25 ára aldur og æskilegast er að þær komi í skoðun á tveggja ára fresti.

1 sjúkrarúm í 2 mánuði


Ef tekið er hlutfall þeirra kvenna sem létust úr legháls-

krabba árið 1969 af heildartölu látinna hér á landi það ár kemur í ljós að það er 3.3%. Ef við yfirferum þessa tölu á fjölda kvenna á Akureyri - upp. 6.500 - kemur í ljós að af þeim gætu 205 hugsanlega dáið úr krabbameini. Ef tölurnar árin 1976 og 1977 eru lagðar til grundvallar lækkar talan í 70 og 20. Þetta er samt of há tala. Það má sýna fram á að eingöngu spítalalega þessara kvenna væri mun dýrari en starfsemi leitarstöðvarinnar. Kostnaður við hana var í fyrra 1.9 milljónir króna en það samsvarar kostnaði við eitt sjúkrarúm í tvo mánuði.

Þóroddur Jónasson héraðslæknir og formaður Krabbameinsfélags Akureyrar gaf blaðinu ofanritaðar upplýsingar. Hann sagði einnig að á síðasta ári hefði orðið „hressilegt tap“ á starfsemi leitarstöðvarinnar. Því hefði verið mætt með svolitilli inneign frá fyrri árum og lántökum. Nú hefði hins vegar fengist vilyrði um töluvert meiri stuðning opinberra aðila við starfsemina.

En Krabbameinsfélag Akureyrar hefur áhuga á að fjölga félögum sínum. Þeir eru nú um eitt þúsund talsins, þar af um 40% hér á Akureyri. Árgjaldið er nú 400 krónur sem samsvarar verði eins sigarettupakka.

Leitarstöðin er til húsa í Læknamíðstöðinni í Amarahúsinu við Hafnarstræti, á 4. hæð. Einnig geta væntanlegir félagar snúið sér til Jónasar Thordarson hjá Sjúkrasamlagi Akureyrar.



Leifur (Helgi Már Barðason) reynir að fullvissa Gógó gæs (Unu Þ. Ingimarsdóttur) um að hann sé ekkert hættulegur. Myndin er tekin á æfingu.

Leikklúbburinn Saga frumsýnir

Leif Ljónsöskur

í Dynheimum á sunnudaginn

Leikklúbburinn Saga á Akureyri frumsýnir sunnudaginn 7. maí kl. 14 í Dynheimum barna-eikritið „Leifur Ljónsöskur“ eftir Torben Jetsmark í þýðingu Höllu Guðmundsdóttur. Leiktjórar eru Þórir Steingrímsson og Theódór Júlíusson, en leikmynd, búningar og svið er annað í hópvinna af leikurum undir leiðsögn Þráins Karlssonar.

Leifur Ljónsöskur er sirkusjón, sem strýkur úr fjölleikahúsinu og tekur að leita sér vinnu. Honum gengur þó erfiðlega að fá starf vegna ýmissa orsaka og lendir í hinum ýmsu evintýrum. Fast á hælum hans eru lögregluþjónarnir Toppur og Hnútur, sem er þó margt betur gefið en að hafa uppi á strokuföngum, en verða Leifi þó æði skeinuhættir. Í leikritinu

er talsvert af skemmtilegum söngvum. Leikendur eru 16, en með helstu hlutverk fara Helgi Már Barðason, sem leikur Leif, Magnús Ársællsson, sem fer með hlutverk Lúlla lampakveiks, Snjólaug Brjánsdóttir og Jóhanna Kr. Birgisdóttir, sem leika lögregluþjónana og Guðbjörg Guðmundsdóttir, er fer með hlutverk Línu fjaðrafínu.

Höfundurinn, Torben Jetsmark, er danskur leikari með látbragðsleik sem sérgrein. Ungmennafélag Gnúperja sýndi leikrit þetta víða um Suðurland fyrir nokkru við mjög góðar undirtektir. Leifur Ljónsöskur er þriðja verkefni Leikklúbbsins Sögu, og er áætlað að hafa nokkrar sýningar á leikritinu á Akureyri, en síðan verður farið í heimsókn til nágrennabyggðarlaga.

Sumar- búðir ÆSK



Í sumar munu sumarþúðir Æ.S.K. við Vestmannsvatn í Aðaldal, S.-Þingeyjarsýslu, starfa með líku sniði og undanfarin ár. Þetta verður 14. sumarið sem sumarþúðir eru starfræktar við Vestmannsvatn og hafa þær ætíð verið vel sóttar og aðsókn aukist ár frá ári. Við sumarþúðirnar geta bæði ungir og aldnir unað sér í fögru umhverfi.

Í sumar verða 7 flokkar fyrir drengi og stúlkur á aldrinum 7-13 ára. Fyrsti flokkurinn kemur í búðirnar 6. júní og sá síðasti fer heim 28. ágúst. Hver hópur dvelst 9-10 daga í senn.

31. júlí - 7. ágúst verður flokkur ætlaður öldruðum. Slíkur flokkur hefur verið undan-

farin ár og hefur eftirspurn verið mikil.

Innritun í sumarþúðirnar hefur þegar farið fram en þeir sem hafa áhuga á þeim geta haft samband við séra Pétur Þórarinsson, Hálsi, Fnjóskadal (sími um Skóga) og Jón Helga Þórarinsson í síma (96)23367. Eftir 6. júní verða allar upplýsingar gefnar í sumarþúðunum við Vestmannsvatn en síminn þar er (96)43553. (Fréttatilkynning frá Sumarþúðum ÆSK.)

Frá Geðvernd

Geðverndarfélag Akureyrar var stofnað 15. desember 1974. Skráðir félagar eru yfir 100. Bækistöð félagsins er enn þá að Skólástíg 7, Akureyri, en vonir standa til, að varanlegri og hentugri húsnæði fái stífljótlega.

Markmið félagsins er að stuðla að alhliða geðheilsuvernd, kenna fólki að haga lífi sínu þannig, að því takist að fyrirbyggja geðsjúkdóma og geðkvilla. Til að ná þessu markmiði gefur félagið út fræðslurit, Geðfræðslu, og hefur enn fremur innan sinnan 2 - NORÐURLAND

vébanda sjálfbóðaliða, sem stutt hafa þær geðdeildir, sem starfa á Akureyri.

Tekjuöflunarleiðir félagsins hefur verið frímerkjasöfnun og frímerkjasala. Margir hafa lagt félaginu lið með þessum hætti og er hér með komið á framfæri alúðarþökk okkar, sem í félaginu starfa og þeirra, sem notið hafa góðs af.

Kiwanishreyfingin á Íslandi hefur veitt öflugan stuðning, sem seint mun gleymast. Von okkar er, að fleiri í þjóðfélaginu fylgi fordæmi hennar.

(Fréttatilkynning.)

Rauði krossinn efnir til

Kosningagetraunar

Nýlega hélt stjórn Rauða kross Íslands fund hér á Akureyri með forystumönnum deildanna hér norðanlands. Var þetta í fyrsta sinn sem slíkur fundur er haldinn en á síðasta aðalfundi RKÍ kom fram vilji til að auka tengsl aðalstjórnarinnar og landsbyggðardeildanna.

Að fundinum loknum héldu forsvarsmenn Rauða krossins fund með blaðamönnum þar sem þeir greindu frá því helsta sem er á döfinni í starfsemi samtakanna. Kom þar ma. fram að á sunnudaginn 8. maí hefist fjáðflunarherferð á vegum RKÍ í því skyni að efla hjálparsjóð samtakanna.

Þessi hjálparsjóður hefur það eina hlutverk að hafa fé handbært sem grípa má til þegar náttúruhamfarir, styrjaldir eða aðra óáran ber að höndum hvort sem er hér á landi eða erlendis. Sem dæmi um starfsemi sjóðsins má nefna að Rauða krossinum barst nýlega hjálparbeiðni vegna flóða sem urðu í Afríkúríkinu Mósambík. Var ákveðið að standa fyrir kaupum á skreið til hjálpar þeim sem urðu fyrir barðinu á þessum flóðum. Einnig var ýtt við stjórnvöldum og skreiðarframleiðendum um að þeir létu eitthvað af hendi rakna til þessa líknarstarfs.

Þess ber að gæta að þegar hjálparbeiðni berst kemur hún frá aðalstöðvum Rauða krossins í Genf og aðstoðin er því skilyrði háð að eftirlitsmenn Rauða krossins sjái um að

aðstoðin berist þeim sem hana þurfa.

En hjálparsjóðurinn er veikur og nú á að gera fyrsta átakið til að efla hann. Hefur verið ákveðið að efna til kosningagetraunar í sambandi við alþingiskosningarnar. Verða þær með líku sniði og knattspyrnugetraunirnar og eiga menn að geta sér til um þingmannafjölda hvers flokks að afloknum kosningum. Það fé sem inn kemur fyrir getraunaseðlana verður lagt í pott og þeir sem geta rétt

skipta pottinum með sér. Fjöldi þeirra verður þó takmarkaður við 50 þannig að ef fleiri reynast getspakir verða dregin 50 nöfn úr hópi þeirra.

Eins og áður segir verður þessari getraun hrundið af stað á sunnudaginn kemur en þann dag eru liðin 150 ár frá fæðingu Henri Dunant, stofnanda Alþjóða Rauða krossins. Getrauninni verður stjórnað af Rauða krossi Íslands en deildirnar úti um land munu sjá um að dreifa getraunaseðlunum.

Karl Marx

Framhald af baksíðu.

fáir menn hafi gert kenningum mínum og sósíalísmannum yfirhöfuð meiri kárinur en einmitt hann. Þau hengja sig einnig dauðahaldi í flokksgerð þá sem kennd var við Lenín og dugði nógu vel í Rússlandi fyrir liðlega 60 árum til að steypa keisaraveldinu, en eru í dag eins og hver önnur tímaskekkja. Þetta er mikill og því miður allt of útbreiddur galli á starfi ýmissa velmeinaðisósíalista. Svo verð ég nú að viðurkenna að ég kem aldrei heim og saman þessu tali þeirra um að Sovétríkin séu heimsvaldasinnuð. Að minnsta kosti skil ég ekki hvað sú kenning á sameiginlegt með skilgreiningum okkar Leníns á heimsvaldastefnunni.

- Nú eru þú orðinn nokkuð aldurhniginn. Segðu okkur að lokum, ertu bjartsýnn eða svartsýnn á að sósíalísminn

verði að veruleika einhvern tíma í framtíðinni?

- Ég er bjartsýnn að eðlisfari. Og þegar ég ber saman nútímann og þá tíma sem við Engels skrifuðum okkar helstu verk verð ég að segja að breytingin gefur fyllsta tilefni til bjartsýni. Verkalýðsstéttin hefur hvarvetna eflst að styrk og áhrifum og hún hefur, amk. í þessum heimshluta, stuðlað að afar víðtækum lífskjara-bótum. Að vísu hafa þessi góðu lífskjör sljóngað skilning verkalýðsins á nauðsyn algerrar umbyltingar þjóðfélagsins og afnáms auðvaldskerfisins. En ég hlýt að gleðjast yfir þeirri staðreynd að aldrei fyrr hefur fleiri ungt fólk verið að kynna sér kenningar mínar, túlka þær, auðga og aðlaga nýjum og síbreytilegum aðstæðum á hverjum tíma og í hverju landi. Slíkt hlýtur að vekja bjartsýni gamals manns.

NORÐURLAND þakkar Karli spjallið og Jenný kaffið.

-DH